

mannafélagið Hlíf varðar. Ber því að hafna aðalkröfum málsaðila. Varakröfur aðila málsins verða hins vegar teknar til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Aðalkröfum málsaðila er hafnað.

Samningur milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1984 hefur ekki komist á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannafélagsins Hlífar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. júní 1984.

Nr. 2/1984.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.)

gegn

Bandalagi starfsmanna ríkis og

bæja f.h. Kennarasambands Íslands

(Gestur Jónsson hrl.).

Gæslustörf. Kennarar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til dóm 19. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 29. febrúar 1984 af fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f.h. Kennarasambands Íslands, og eru stefnukröfur þær, „að viðurkennt verði með dómi, að kennurum í grunnskólum sé skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum skv. löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og

skyldur starfsmanna ríkisins. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.“

Stefndi gerði í upphafi þær dómkröfur aðallega, að máli þessu yrði vísað frá Félagsdómi. Munnlegur málf lutningur fór fram um frávisunarkröfuna 28. mars sl. Félagsdómur hratt frávisunarkröfunni með úrskurði, sem kveðinn var upp 6. apríl sl. Stefndi skaut úrskurðinum til Hæstaréttar, sem staðfesti hann með dómi, upp kveðnum 10. maí sl.

Stefndi krefst nú sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

I.

Tildrög málsins kveður stefnandi vera þau, að kennarar í Vesturbæjarskóla í Reykjavík hafi sammælt á fundi 6. september 1983 um að sinna ekki gæslu nemenda í kaffihléum sínum. Hafi kennarar borið við samningsbundnum rétti til kaffitíma. Málið hafi verið sent fræðsluráði Reykjavíkur, sem hafi vísað því til menntamálaráðuneytisins 21. september 1983. Niðurstaða ráðuneytisins hafi hinn 7. október 1983 verið sú, að störf þessi væru hluti af vinnuskyldu kennara, sbr. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 38/1954 um skyldu starfsmanna til að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Ennfremur hafi ráðuneytið vísað til 8. gr. erindisbréfs fyrir kennara í grunnskóla og gr. 6.7. í sérkjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra frá 3. september 1982. Jafnframt hafi ráðuneytið lýst yfir, að það fyrir sitt leyti hefði ekkert við það að athuga, ef niðurstaða yrði sú, að fræðsluyfirvöld réðu aðra en kennara til gæslustarfa í kaffitímum í þessu tilviki. Á fundi fræðsluráðs Reykjavíkur hinn 10. október hafi fræðsluráð hafnað með samhljóða atkvæðum að leysa kennara undan hluta af skyldustörfum þeirra með því að ráða aðra starfskrafta til gæslustarfa. Á fundinum hafi Elín G. Ólafsdóttir, Lena M. Rist, Gerður Steinþórsdóttir, Jóhann Pétursson og Karl Kristjánsson lagt fram svofellda bókun:

„Skv. erindisbréfi kennara nr. 198/1976 og kjarasamningum er augljóst, að gert er ráð fyrir, að kennarar sem aðrir opinberir starfsmenn eigi rétt á kaffitíma. Þá túlkun menntamálaráðuneytisins í bréfi, dags. 7. október 1983, að kennurum sé skylt að vinna í kaffitíma skv. 31. gr. laga nr. 38/1954, samþykkjum við undirrituð ekki, enda er í þeirri grein átt við yfirvinnu, en kaffitímar þeir, sem til urmæðu eru, eru hluti af dagvinnu kennara.“

Með bréfi, dagsettu 10. október 1983, tilkynntu kennarar í Vesturbæjarskóla, að frá og með þeim degi myndu þeir taka sinn kaffítíma og sinna einungis gæslu í stundahléum nemenda.

Í bréfi menntamálaráðuneytisins, dagsettu 13. október 1983, til fræðslustjórans í Reykjavík ítrekaði ráðuneytið fyrri afstöðu sína í málinu. Jafnframt benti ráðuneytið á, að viðkomandi starfsmenn ættu kost á að leita úrskurðar Félagsdóms eða annars lögmæltis úrskurðaraðila, ef þeir teldu skilning þennan og áralanga framkvæmd ekki rétta. Þá fól ráðuneytið fræðslustjóranum að gera skólustjóra og kennurum Vesturbæjarskóla grein fyrir afstöðu þess og fela þessum aðilum að sjá um, að gæslu nemenda í kaffihléum væri sinnt.

Fræðslustjóri kynnti afstöðu ráðuneytisins með bréfi, dagsettu 14. október 1983, og jafnframt, að kennari sá, er fenginn hefði verið um stundarsakir til að leysa umræddan vanda, yrði að hætta störfum 17. október.

Með bréfi skólustjóra Vesturbæjarskóla, dagsettu 19. október 1983, til fræðsluskrifstofu Reykjavíkur var tilkynnt, að gæslulaust væri í löngu frímínútunum og samþykkt kennara frá 6. september stæði óbreytt.

Í bréfi fræðslustjórans í Reykjavík, dagsettu 19. október 1983, til Vesturbæjarskóla kemur fram, að fræðslustjóri hefur kynnt menntamálaráðuneytinu bréf skólans, dagsett sama dag. Þá kemur fram, að sú afstaða ráðuneytisins er óbreytt, að skólustjóra og kennurum beri að sjá svo um, að nauðsynlegri gæslu nemenda í kaffihléum sé fullnægt.

Hinn 21. október 1983 sendu kennarar í Vesturbæjarskóla stjórn Kennarasambands Íslands svohljóðandi bréfi:

„Þann 19.10.'83 barst skólustjóra Vesturbæjarskóla meðfylgjandi bréf. Við kennarar og skólustjóri höfum fjallað um innihald bréfsins. Ljóst er, að misskilnings gætir milli fræðsluyfirvalda og okkar kennara, og gerum við okkur ekki grein fyrir, hvernig hann er til kominn. Í þeim bréfum, sem við höfum látið frá okkur fara, kemur skýrt fram, að *við munum ekki taka að okkur gæslu í kaffitímum okkar.*

Hvað varðar rétt okkar til að hafna gæslu í kaffitímum, vísum við áfram eins og hingað til í aðalkjarasamning opinberra starfsmanna, gr. 3.1. þar sem segir m.a.: „Heimilt er að lengja, stytta eða fella niður matartíma með samkomulagi fyrirsvarsmanna, sem

málið varðar.“ (gr. 3.1.3) „Kaffitíma má lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma.“ (3.1.6)

Fræðsluyfirvöld hafa virt að vettugi forsendur okkar og þær upplýsingar, sem þeim voru veittar, m.a. á fundi hér í Vesturbæjarskóla þann 11. 10. sl.

Skólinn hefur nú verið gæslulaus þrjá daga, sem hlýtur að vera á ábyrgð fræðsluyfirvalda, þar sem skólastjóri hefur tilkynnt hvern dag, að hér sé engin gæsla í kaffitímum kennara. Við hörmum þá stöðu, sem komin er upp, því að við teljum það fullkomið ábyrgðarleysi fræðsluyfirvalda, að skólinn sé gæslulaus í margnefndum kaffitímum kennara.“

Málið var síðan tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins 21. október 1983.

Hinn 24. október ritaði fjármálaráðuneytið Kennarasambandi Íslands svohljóðandi bréf:

„Á fundi í samstarfsnefnd Kennarasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins 21. 10. 1983 var fjallað um deilu, sem uppi er vegna starfa við gæslu nemenda í kaffihléum í Vesturbæjarskóla í Reykjavík. Á fundinum lögðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins til lögu að bókun, er verða mætti til að leysa þessa deilu. Var hún svohljóðandi:

Samstarfsnefnd Kennarasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins beinir þeim tilmælum til kennara við Vesturbæjarskóla í Reykjavík, að þeir sinni gæslustörfum í kaffihléum í samræmi við fyrirmæli yfirmanna sinna. Engin ákvæði er að finna í kjarasamningum, sem leysa starfsmenn undan þeim skyldum, sem á þá eru lagðar með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 með síðari breytingum, sbr. sérstaklega 31. grein og 29. grein þeirra laga. Kjarasamningar gera ráð fyrir sérstökum greiðslum vegna vinnu í kaffitíma, en banna hana ekki, enda ekki á færi samningsaðila að breyta lagaákvæðum.

Ástæðan til þessara óskar er sú, að skv. upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu hafa kennarar við Vesturbæjarskóla í Reykjavík bundist samtökum um það að neita að sinna gæslu nemenda í kaffihléum. Bera þeir við lögbundnum eða samningsbundnum rétti til kaffitíma.

Af hálfu menntamálaráðuneytisins hefur fræðsluyfirvöldum í Reykjavík, skólastjóra og kennurum Vesturbæjarskóla verið gerð

grein fyrir því, að það líti svo á, að starfsmönnum skólans beri full skylda til þess að sinna gæslustörfum í kaffihléum, og vísar ráðuneytið bæði til erindisbréfs kennara við grunnskóla og 31. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Kjarasamningar, bæði aðalkjarasamningur BSRB og sérkjarasamningur Kennarasambands Íslands, gera ráð fyrir, að störf, sem unnin eru í kaffitíma, séu greidd með yfirvinnukaupi. Ekki er að finna í þessum samningum nein þau ákvæði, er séu því til hindrunar, að unnið sé í kaffitíma. Þvert á móti eru samningsákvæðin allrúm, að því er varðar heimildir til breytinga eða niðurfellingar á kaffitímum svo og til greiðslu á yfirvinnu, sé kaffitíminn unninn.

Ótvírætt er, að samningsákvæði fá ekki breytt lögum. Ótvíræð er skylda starfsmanns til að vinna yfirvinnu, sbr. 31. grein laganna um réttindi og skyldur, en þar segir svo: „Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega.“ Enn fremur skal bent á 28. grein og 29. grein sömu laga, þar sem fjallað er um skyldur starfsmanns til að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna og að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

Af hálfu fulltrúa Kennarasambands Íslands á samstarfsnefndarfundinum var því lýst yfir, að hann gæti ekki staðið að gerð bókkunar þessarar, og vísaði hann til ályktunar stjórnar Kennarasambands Íslands, sem send var menntamálaráðuneytinu með bréfi, dagsettu 14. 10. 1983. Í ályktun þessari kemur fram, að stjórn Kennarasambands Íslands telur, að kennarar eigi rétt til þess að neita störfum í kaffihléum á grundvelli kjarasamninga.

Augljóst er, að í efni þessu ríkir ágreiningur milli Kennarasambandsins annars vegar og fjármálaráðuneytisins hins vegar. Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að leggja þennan ágreining um túlkun á ákvæðum kjarasamninga fyrir Félagsdóm til úrskurðar.

Fjármálaráðuneytið beinir þeim eindregnu tilmælum til Kennarasambands Íslands, að það beiti áhrifum sínum til þess, að kennarar við Vesturbæjarskóla sinni hinum umdeildu störfum, þar til niðurstaða Félagsdóms liggur fyrir, og leggi sitt að mörkum, til að ekki skapist vandræðaástand við skólann með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir nemendur hans og starfsmenn.“

Lagarök fyrir kröfum sínum kveður stefnandi vera þau, að skv. 31. gr., sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sé starfsmanni skylt að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega, og hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

Fyrir liggir, að kennarar í Vesturbæjarskóla hafi fengið fyrirmæli um að sinna gæslustörfum í kaffihléum. Engin ákvæði kjarasamninga leysi starfsmenn undan þeim skyldum, sem á þá eru lagðar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954.

Samkvæmt 8. gr. erindisbréfs fyrir kennara í grunnskóla nr. 198/1976 beri kennara að hafa umsjón og eftirlit í frímínútum eftir þörfum skólans, enda sé stundaskrá þannig samín, að kennarar fái eðlileg stundahlé og kaffitíma.

Í aðalkjarasamningi BSRB og fjármálaráðherra, dagsettum 3. september 1982, sé ákvæði þess efnis í grein 2.3.1, að vinna, sem unnin er í kaffitímum, sé greidd með yfirvinnukaupi og dagvinnutímabili ljúki þeim mun fyrr, ef kaffitími er felldur niður eða stytur skv. samkomulagi yfirmanns og starfsmanna.

Í sérkjarasamningi um störf í grunnskóla milli Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 3. september 1982 sé svohljóðandi ákvæði í grein 6.7:

„Í skólum, þar sem nauðsyn er á gæslu nemenda í frímínútum eða kaffihléum, skal greiða gæslutímann með yfirvinnukaupi. Þau kennsluhlé, sem framangreint nær til, og fjöldi kennara, sem við störf þessi eru hverju sinni, skulu háð samþykki fræðslustjóra.“

Kjarasamningar milli aðila skilgreini skv. þessu gæslustörf í kaffitíma ótvírætt sem yfirvinnu og engin ákvæði þeirra eða settra laga mæli kennurum rétt til að neita að sinna þeim gæslustörfum, sem yfirboðarar þeirra hafa falið þeim og falla á kaffitíma þeirra. Þvert á móti geri sérkjarasamningur frá 3. september 1982 ráð fyrir nauðsyn þess, að unnið sé í kaffihléum, og í kjarasamningum sé heimild til að fella niður kaffitíma með einföldum meiri hluta atkvæða þeirra starfsmanna, er málið varðar, og yfirmanna.

Af öllu framangreindu sé ljóst, að fjarstætt sé, að kjarasamningar eða lög veiti kennurum rétt til að neita að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum. Beri því að taka kröfur stefnanda til greina.

Máli sínu til stuðnings hefur stefnandi sérstaklega vitnað til dóms

Félagsdóms frá 15. mars 1967 í málinu: Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f.h. Póstmannafélags Íslands, en í forsendum þess dóms segi svo:

„Starfsmenn ríkisins, sem falla undir ákvæði laga nr. 38/1954, þar á meðal póstmenn, eru samkvæmt 31. gr. þeirra háðir lögbundinni skyldu til þess að leysa af hendi yfirvinnu með þeim takmörkunum, sem þar greinir, og verða ákvæði laga nr. 55/1962 eigi skýrð á þá lund, að þau hafi í neinu breytt ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954 um yfirvinnuskylduna. Var stefnandi því við þau bundin, og gat hann því eigi með samningum samkvæmt 4., 5. og 6. gr. laga nr. 55/1962 eða málflutningsyfirlýsingu fyrir Kjaradómi, samið sig undir frávik frá þeim. Skiptir áðurgreind yfirlýsing hans fyrir Kjaradómi 1963, er stefndi telur, að skilja beri á þá lund, að stefnandi viðurkenni sem gild ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 137/1945 um yfirvinnuskyldu póstmanna, eigi máli. Sömu ástæður leiða til þess, að niðurlagsákvæði 9. gr. dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 og 30. nóvember 1965:

„Yfirvinnuskylda póstmanna haldist þó óbreytt frá því, sem nú er“, verður eigi skýrt á þá lund, að það takmarki almennt yfirvinnuskyldu póstmanna í Reykjavík við 5 klst á mann á mánuði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verða úrslit málsins þau, að telja verður, að um yfirvinnuskyldu póstmanna í Reykjavík fari almennt eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954, sbr. reglugerð nr. 143/1958 og 1. og 2. málslið 9. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1965. Var ákvörðun stjórnar Póstmannafélags Íslands um að stöðva yfirvinnu dagana 28. - 30. nóvember og 8. - 22. desember 1966 því ólögmæt.“

III.

Af hálfu stefnda er á það bent, að í aðalkjarasamningi í kafla 3.1 sé fjallað um kaffitíma á dagvinnutímabili. Samkvæmt grein 3.1.5 skuli kaffitími kennara vera 20 mínútur árdegis alla daga vikunnar og fimmtán mínútur síðdegis í þeim skólum, sem starfa a.m.k. þrjár heilar kennslustundir eftir kl. 13.00. Í grein 3.1.6 sé ákvarðað, með hverjum hætti megi lengja, stytta eða fella niður kaffitíma, og vísist þar til greinar 3.1.2. Samkvæmt þeirri grein sé ákvarðað, að skilyrðið fyrir því, að heimilt sé að fella niður kaffitíma, sé það, að samkomulag náist um það milli forsvarsmanns viðkomandi stofnunar og einfalds meirihluta starfsmanna, sem málið

varðar. Engin önnur heimild sé í kjarasamningnum til þess að fella niður kaffitíma á dagvinnutímabili. Það sé ljóst og óumdeilt í máli þessu, að kennarar við Vesturbæjarskóla hafi ekki samþykkt að fella niður kaffitíma sína, heldur þvert á móti óskað þess að fá að njóta umsaminnar hvíldar í kaffitímanum. Því sé mótmælt, sem haldið er fram af stefnanda, að ofangreind samningsákvæði séu rúm, að því er varðar heimildir til breytinga eða niðurfellingar á kaffitímum. Þvert á móti sé það skilyrði sett í aðalkjarasamningnum, að samþykki meiri hluta starfsmanna þurfi að koma til, ef breyta eigi umsömdum kaffihléum.

Af framangreindu sé ljóst, að kennarar eigi umsaminn rétt til kaffitíma, og sá réttur verði ekki af þeim tekinn einhliða. Til styrktar þessari niðurstöðu megi vísa til 8. gr., sbr. 5. gr. erindisbréfsins fyrir kennara í grunnskóla, sem kveður svo á, að kennari skuli annast umsjón og eftirlit í frímínútum eftir þörfum skólans, enda sé stundaskrá þannig samin, að kennarar fái eðlileg stundahlé og kaffitíma. Gæsluskyldur takmarkist með öðrum orðum af rétti kennarans til kaffitímans. Þá sé beint ákvæði í 1. mgr. 5. gr. erindisbréfsins um, að vinnutími og kjör kennara fari eftir ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði aðalkjarasamningsins og erindisbréfsins sé algengt, að kennarar samþykki að taka að sér frímínútnagæslu í kaffitíma sínum. Af þeim sökum hafi við gerð sérkjarasamnings árið 1982 verið tekið inn ákvæði, sem merkt er 6.7, sbr. dómskjal nr. 22. Þar sé ákveðið, að slík vinna skuli greidd með yfirvinnukaupi. Í því felist að sjálfsgöðu ekki sú skoðun samningsaðila, að kennurum sé skylt að vinna þessi störf, heldur aðeins hitt, að þau skuli greidd með yfirvinnukaupi, séu þau unnin af kennara. Stefnandi virðist telja, að þrátt fyrir skýr ákvæði kjarasamnings um rétt kennara til kaffitíma sé heimilt á grundvelli 31. gr. laga nr. 38/1954 að skipa þeim að vinna þá sem yfirvinnu. Í fyrsta lagi sé því haldið fram af stefnda, að ákvæði 31. gr. laganna takmarkist af ákvæðum kjarasamningsins. Í öðru lagi sé í 31. gr. laganna fjallað um yfirvinnu. Það sé skoðun stefnda að með því sé átt við vinnu, sem falli utan reglulegs vinnutíma kennarans, sbr. m.a. grein 1.3 í samkomulagi um vinnutíma og kennsluskyldu grunnskólakennara á dómskjali nr. 23. Það sé skilningur stefnda, að yfirvinnuskyldan nái ekki til þessa tíma og eigi því ákvæði 31. gr. laga 38/1954 ekki við. Beri því að hafna kröfugerð stefnanda.

Á það skuli bent, að þess séu dæmi, að frímínútnagæsla sé unnin af sérstökum starfsmönnum skólanna, sem ekki eru kennarar. Megi m.a. nefna í því sambandi Hofsstaðaskóla í Garðabæ. Engin nauðsyn sé því til að fela kennurum þessi störf.

Sérstaklega skuli vakin athygli á því, að vinnuaðstæður í Vesturbæjarskóla séu mjög erfiðar, skólahúsnæðið og leiksvæði skólans þröngt. Af þessum sökum séu frímínútur tvískiptar bæði fyrir og eftir hádegi. Þannig fari þrjár bekkjardeildir saman í aðrar frímínúturnar fyrir hádegi. Væri kennurum þeirra skylt að annast frímínútnagæsluna, fengju viðkomandi aðilar engan kaffitíma þriðja hvern morgun. Vitað sé, að kennsla í grunnskóla sé krefjandi og lýjandi starf, og standi því engin rök til þess að svipta kennara rétti til kaffitíma.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að 31. gr. laga nr. 38/1954, sé hreint undantekningarákvæði, sem skýra beri þröngt og í samræmi við kjarasamninga, enda sé það í samræmi við þróun vinnuréttar. Hefur hann og vitnað til greinargerðar með frumvarpinu að lögum nr. 38/1954, svo og þess, að með túlkun stefnanda á ákvæðum þessum sé verið að koma á fastri eða reglubundinni yfirvinnu. Þá hefði verið unnt að skipuleggja vinnutíma kennara í Vesturbæjarskóla þann veg, að óþarft hefði verið að skylda kennara til að vinna í kaffitíma sínum.

IV.

Álit dómsins:

Í aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (dómskjali nr. 21) í grein 2.3.1 segir svo um yfirvinnu:

„Yfirvinna telst sú vinna, sem fram fer utan tilskilins vinnutíma eða vinnuvöku starfsmanns, svo og vinna, sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, þótt á dagvinnutímabili sé.“

Þegar kennari vinnur í kaffitíma við gæslu samkvæmt fyrir-mælum skólastjórnar, verður að líta svo á samkvæmt ofangreindri skilgreiningu, að sú vinna sé yfirvinna á dagvinnutímabili.

Kennarar eru starfsmenn ríkisins og falla undir ákvæði laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 31. gr. laganna eru þeir háðir lögbundinni skyldu til að leysa af hendi yfirvinnu með þeim takmörkunum, sem í lögnum greinir. Stefndi hefur ekki fært fram nein haldbær rök fyrir neitun kennara að sinna þessari skyldu sinni, sem fjölmargir kennarar í ýmsum grunnskólum

hafa innt af hendi um langt skeið. Í sérkjarasamningi um grunnskóla á milli Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 3. september 1982, sbr. dómskjal nr. 22, er og beinlínis gert ráð fyrir þessari yfirvinnuskyldu kennara í grein 6.7, en þar segir svo:

„Í skólum, þar sem nauðsyn er á gæslu nemenda í frímínútum eða kaffihléum, skal greiða gæslutímann með yfirvinnukaupi.“

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka kröfur stefnanda til greina.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 10.000,00.

D ó m s o r ð:

Kennurum í grunnskólum er skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum samkvæmt löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stefndi, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Kennarasambands Íslands, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 10.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
